

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. október 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingasamninga, 120. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sem hafa það að markmiði að auka hreyfanleika viðskiptavina milli váttryggingarfélaganna.

SA er fylgjandi öllum breytingum á löggjöf sem eru til þess fallnar að stuðla að aukinni samkeppni og fagnar því umræddu frumvarpi. Samtökin gera þó smávægilegar athugasemdir við einstök atriði í 1. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 14. gr. laganna.

Í 1. mgr. er lagt til að váttryggingartaki geti á váttryggingartíma sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna, fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn eða til að flytja váttrygginguna til annars félags. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að markmið breytingarinnar sé m.a. að hverfa frá eldra ákvæði um að til staðar þyrftu að vera sérstakar réttlætningarástæður til að hægt væri segja upp váttryggingarsamningum á gildistíma þeirra. Í takt við anda breytinganna telja samtökin því eðlilegt að horfið verði alfarið frá matskenndu orðalagi um *sérstaðar aðstæður sem réttlæta uppsögn* og að váttryggingataka verði heimilt að segja upp váttryggingu telji hann sig ekki lengur hafa þörf fyrir hana eða ef hann kys að flytja hana til annars félags.

Í 1. málsl. 2. mgr. er lagt til að uppsagnarfrestur váttryggingasamninga skuli vera 30 dagar frá næstu mánaðamótum eftir að uppsögn fer fram. Fá samtökin ekki séð afhverju nauðsynlegt þyki að binda slíka uppsögn við mánaðamót. Ólíkt því sem á við um t.d. húsaleigusamninga og vinnusambönd þá eru slíkir samningar eða greiðslur á grundvelli þeirra almennt ekki sérstaklega bundnar við mánaðarmót heldur fer uppgjör oftast fram fyrirfram á ársgrundvelli. Fæst því ekki séð af hverju uppsagnarfrestur eigi að vera mislangur eftir því hvort váttryggingu er sagt upp á fyrri eða seinni hluta mánaðar og er því lagt til að 30 daga uppsagnarfrestur gildi óháð mánaðamótum.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram að váttryggingartaki skuli upplýsa um til hvaða váttryggingafélags sé flutt og frá hvaða tíma. Þar sem gert er ráð fyrir að váttryggingataki geti í einhverjum tilfellum sagt upp váttryggingu án þess að hún sé flutt til annars váttryggingafélags er rétt að orðalag lagaákvæðisins endurspegli þá staðreynd og tekið verði fram að einungis sé gert ráð fyrir slíkri upplýsingagjöf þegar það á við.

Að öðru leyti lýsa samtökin sig alfarið fylgjandi tillögðum breytingum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Berglora Halldórsdóttir*